

## **Reglur um kjörgengi, -gögn og fyrirkomulag kosninga stjórnarmanna á aðalfundi Hrfí.**

### **Skipun stjórnar.**

1. Stjórn félagsins er skipuð fimm mönnum og tveimur til vara. Formaður er kosinn sérstaklega til tveggja ára í senn. Árlega er kosið um tvo meðstjórnendur til tveggja ára og einn varamann til tveggja ára fyrir þá stjórnarmenn sem kjörnir eru á sama tíma.

### **Kjörstjórn.**

2. Stjórn skipar þriggja manna kjörstjórn sem annast framkvæmd stjórnarkjörs og úrskurðar um vafaatriði. Framkvæmdastjóri er starfsmaður kjörstjórnar.

### **Kjörgengi.**

3. Endurkjör er leyfilegt. Sá sem fer með framkvæmdastjórn hefur ekki kjörgengi til stjórnar.

### **Auglýsing á frambjóðendum.**

4. Framboðsfrestur rennur út 30. mars og þegar kjörstjórn hefur staðfest kjörgengi frambjóðenda skulu nöfn frambjóðenda tilkynnt á heimasíðu félagsins 31. mars eða fyrsta virka dag eftir það.
5. Kynning á frambjóðendum skal liggja frammi á skrifstofu og heimasíðu félagsins eigi síðar en 10. apríl

### **Utanatkvæðagreiðsla**

6. Utanatkvæðagreiðsla fer fram á skrifstofu félagsins síðustu fimm virka daga fyrir aðalfund frá kl. 10. til kl. 12 og svo aftur frá kl. 13 til kl. 15. Kjörgögn fyrir utankjörfundaratkvæðagreiðslu eru: kjörseðill, kjörseðilsumslag og kjörkassi sem skal þannig búinn að ekki sé hægt að ná kjörseðli úr honum án þess að opna hann og þannig að hægt sé að læsa honum. Skal hann læstur meðan á utankjörfundaratkvæðagreiðslu stendur og skal formaður kjörstjórnar varðveita lykil að kjörkassanum.
7. Skrá yfir þá sem hafa kosningarétt skal vera tilbúin og kjörstjórn hafa samþykkt hana áður en opnað er fyrir utanatkvæðagreiðslu.
8. Félagsmaður sem greiða vill atkvæði utan kjörfundar, skal mæta á skrifstofu HRFÍ á þeim tíma sem utanatkvæðagreiðslan fer fram. Skal hann gera grein fyrir sér á sannanlegan hátt, svo sem með því að framvísa kennivottorði eða ökuskírteini eða á annan fullnægjandi hátt að mati framkvæmdastjóra sem að því búnu staðfestir að viðkomandi hafi kosningarétt. Framkvæmdastjóri skal merkja glögglega á skrá um þá

sem hafa kosningarétt að viðkomandi hafi greitt atkvæði utankjörfundar. Að því búnu fær félagsmaður afhenta kjörseðla. Kjörseðlar skulu aðgreindir með litum eftir því hvort kosið er um formann, stjórnarmann eða varamann og skal það skýrt koma fram á kjörseðlinum.

9. Kosning fer fram í beinu framhaldi af afhendingu kjörgagna en félagsmaður á rétt á að fá að kjósa í einrúmi. Kjósandi ritar á einn kjörseðil nafn þess aðila sem hann vill kjósa sem formann, þá skal hann á annan kjörseðil kjósa tvo stjórnarmenn og á þriðja kjörseðilinn kjósa varamann þeirra tveggja stjórnarmanna.
10. Eftir að kjósandi hefur ritað atkvæði sitt/sín leggur hann atkvæðin í læstan kjörkassa að viðstöddum framkvæmdastjóra.
11. Kjörkassinn og skrá yfir þá sem hafa greitt atkvæði utan kjörfundar skal svo hafður meðferðis á kjörfund sem er aðalfundur og skulu atkvæðin talin með þeim atkvæðum sem greidd eru á aðalfundi.

#### **Kosning á aðalfundi**

12. Kjörgögn á aðalfundi skulu vera þau sömu og notuð voru fyrir utanatkvæðagreiðslu. Að öðru leyti en því fer kosning fram á fundinum og í talningu skulu utankjörfundaratkvæðin talin með. Kjörstjórn annast framkvæmd og talningu á aðalfundi og fær aðstoð annarra fundarmanna eftir þörfum.

**Reglur þessar skulu aðgengilegar á vef félagsins eigi síðar en 15. mars 2017.**